

ERINDISBRÉF

Öldungaráð Sveitarfélagsins Hornafjarðar

Stjórnskipuleg staða

Öldungaráð Sveitarfélagsins Hornafjarðar heyrir beint undir félagsmálanefnd sveitarfélagsins. Starfsmaður ráðsins er félagsmálastjóri.

Skipan, seturéttur á fundum og áheyrnaraðild

Í öldungaráði skulu að lágmarki sitja þrjú fulltrúar kosnir af bæjarstjórn að loknum sveitarstjórnarkosningum skv. ákvæðum sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011 og 38. gr. laga um félagsþjónustu sveitarfélaga og þrjú fulltrúar tilnefndir af félagi eldri borgara, auk eins fulltrúa frá heilsugæslunni.

Hlutverk og verksvið

Öldungaráð fjallar um þjónustu við aldraða og framkvæmd og þróun öldrunarmála skv. lögum um málefni aldraðra nr. 125/1999 og lögum um félagsþjónustu sveitarfélaga nr. 40/1991.

Öldungaráð er vettvangur samráðs íbúa sem eru 67 ára og eldri, félagsamtaka þeirra, atvinnulífs og sveitarstjórnar og er virkur þátttakandi í allri stefnumörkun málaflokksins. Öldungaráð er ráðgefandi fyrir starfsemi sveitarfélagsins í málaflokki og stuðlar, í samstarfi við sveitarstjórn, að eflingu félagsauðs og kynningu á þjónustu sveitarfélagsins til íbúa sem eru 67 ára og eldri.

Öldungaráð skal vera bæjarstjórn, nefndum og ráðum Hornafjarðar til ráðgjafar um málefni og hagsmuni sem varða íbúa sveitarfélagsins 67 ára og eldri. Auk þess að vera til ráðgjafar getur ráðið beint tillögum og ályktunum til bæjarstjórnar, nefnda og ráða. Ráðið er ekki framkvæmdaaðili.

Starfshættir

Um starfshætti undirnefnda bæjarstjórnar Hornafjarðar er fjallað í VI. kafla í *samþykkt um stjórn og fundarsköp Sveitarfélagsins Hornafjarðar*. Ráðið kemur saman a.m.k. 3 sinnum á ári, formaður stýrir fundi. Boðað skal til fundar að ákvörðun formanns eða ef a.m.k. tveir nefndarmanna óska þess.

Starfsmaður ráðsins sér um að taka á móti erindum og málum sem leggja á fyrir nefndina. Hann útbýr í samráði við formann skriflegt eða rafrænt fundarboð þar sem tilgreindur er fundarstaður og fundartími og dagskrá í tölusettum liðum. Fundarboð skal sent öllum aðalmönnum, varamönnum og öðrum sem seturétt eiga á fundum ráðsins.

Starfsmaður kemur undirritaðri fundargerð til velferðarnefndar og skal hún tekin á dagskrá næsta fundar velferðarnefnd.

Ályktanir til bæjarstjórnar og bæjarráðs skulu ætíð sendar bæjarstjóra í sérstöku erindi sem félagsmálastjóri útbýr.

Öldungaráðsmenn skulu fá hæfilega þóknun úr bæjarsjóði fyrir störf sín samkvæmt samþykkt um laun kjörinna fulltrúa.

Eftirfylgni

Öldungaráð og starfsmaður ráðsins hafa með höndum framkvæmd þeirrar stefnu sem mótuð hefur verið á hverjum tíma varðandi málefni aldraðra. Formaður og aðrir fulltrúar í ráðinu skulu snúa sér til bæjarstjóra til að fylgja eftir þeim ákvörðunum og samþykktum sem ekki eru alfarið á verksviði ráðsins að framfylgja.

Réttindi og skyldur nefndarmanna

Um réttindi og skyldur nefndarmanna gilda ákvæði *sveitarstjórnarlaga* og *samþykkt um stjórn og fundarsköp Sveitarfélagsins Hornafjarðar*.

Lög og reglugerðir

Í störfum sínum skal öldungaráð taka mið af þeim lögum og reglugerðum sem snerta starfssvið hennar. Þá skal ráðið fylgja *samþykkt um stjórn og fundarsköp Sveitarfélagsins Hornafjarðar*.

Samþykkt í bæjarstjórn 12. nóvember 2020.

Matthildur Ásmundardóttir bæjarstjóri